
Skólanámskrá Álfasteins



Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1 Inngangur	5
2 Leikskólinn Álfasteinn.....	6
2.1 Starfsfólk leikskóla.....	6
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	6
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna.....	7
3. Hlutverk leikskóla	7
3.1 Stefna leikskólans	8
3.1.1. Kubbastarf	9
Langtímamarkmið Álfasteins með tilkomu kubbastarfs.	10
3.1.2. SMT skólafærni.....	11
3.2. Leiðarljós leikskólastarfsins	11
3.4 Kennsluhættir leikskólans / Leikurinn	12
3.5 Námsumhverfi	12
3.5.1 Kubbaleikur.....	13
3.5.2. Könnunarleikurinn	14
3.5.3. Könnunaraðferðin	15
3.5.4. Stærðfræði/vísindi	15
3.5.5. Hreyfing	16
3.5.6. Málproski-málrækt	16
3.5.7. Myndsköpun.....	17
3.5.8. Tónlist	18
3.5.9 Náttúra og umhverfi	18
3.5.10 Menning og samfélag	19
4 Grunnþættir menntunar	21
4.1 Jafnrétti	21
4.3 Heilbrigði og velferð	24
4.4 Sjálfbærni.....	25
4.5 Sköpun.....	25
4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi	26
4.6 Lýðræði og mannréttindi.....	27
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi	27
5 Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	28
6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	30

7	Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	31
8.	Sérfræðipjónusta	31
9.	Mat og eftirlit	31
9.1	Ytra mat á leikskólastarfi	32
9.2	Innra mat á leikskólastarfi	33
9.2.1	Mat starfsfólks.....	33
9.2.2	Mat foreldra	33
9.2.3.	Mat barna	33
10.	Heimildaskrá.....	35

Formáli

Skólanámskrá Álfasteins er yfirlýsing á því starfi og þeirri hugmyndafræði sem leikskólinn hefur sett sér að vinna eftir. Námskráin á að vera stefnumarkandi leiðarvísir á þeim uppeldisstörfum og áherslum sem leikskólinn hyggst vinna að með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hver leikskóli útfærir sína skólnámskrá með hliðsjón af menningu, sérkennum og starfsháttum sem leikskólinn vinnur eftir.

Vinnan að þessari skólanámskrá hófst 2011 eftir að ný aðalnámskrá leikskóla kom út og þurfti að gera nokkrar endurbætu á fyrri skólanámskrá. Mikil áhersla var lögð á að allt starfsfólk kæmi að gerð skólanámskrárinnar. Markmið með þessu samstarfi er að nýta mannauð alls starfsfólksins og efla skilning og áhuga á markvissara og skilvirkara leikskólastarfi.

Lögð er áhersla á að tengja grunnþættina stefnu og áhersluþáttum leikskólans eins og kubbaleik, frjálsa hugsun og útikennslu svo eitthvað sé nefnt. Þar reynir meðal annars á heilbrigði og velferð, sköpun, læsi í víðum skilningi þar sem börnin verða meðvituð um stærðfræði, læsi á stafi og umhverfi sitt, kennum börnunum mikilvægi jafnréttist, lýðræði og mikilvægi mannréttinda.

Eins og fram kemur er skólanámskráin leiðarvísir skólans. Til að svo geti orðið þarf skólanámskráin að vera í sífeldri þróun og taka þeim breytingum sem ríkja í samfélaginu og í takt við stefnu leikskólans. Má því segja að þetta sé lifandi plagg sem ber að vera í stöðugri endurskoðun og framþróun og lýkur vinnunni því aldrei.

Fyrir hönd starfsfólks Álfasteins sem vann þessa skólanámskrá.

Inga Líndal leikskólastjóri

1 Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Hún á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðsluvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Hún er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá 2011 bls. 9-10).

Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu leikskóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá bls. 10-11).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,

-
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
 - að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
 - að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
 - að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla 2008/90)

2 Leikskólinn Álfasteinn

Leikskólinn Álfasteinn var opnaður formlega 15. mars 2001. Fyrstu árin var húsnæðið í eigu Nýsis en 2009 tók Hafnarfjarðabær yfir allan rekstur og er nú alfarið í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Leikskólinn stendur við Háholt 17 í Hafnarfirði.

Grunnflötur leikskólans er 699,7 m², rúmmál hússins er 2.698 m³ en flatarmál lóðar er 5.015m². Á Álfasteini eru fjórar deildir, Berg, Klettur, Hamar og Holt fyrir börn á aldrinum átján mánaða til sex ára. Fjöldi barna fer eftir aldri barna hverju sinni. Álfasteinn er staðsettur við Háholt 17 í Hafnarfirði og er í nánasta umhverfi við Hvaleyrarskóla. Álfasteinn er opinn frá 7:30 til 17:00 alla virka daga. Heimasíða Álfasteins er: <http://leikskolinn.is/alfasteinn/> og má þar finna ýmsar upplýsingar og fróðleik um starf og menningu skólans.

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi byggir á mannauði leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Starfsfólk skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá 2011 bls 11). Starfsmannafjöldi miðast við samsetningu barnahópsins ár hvert.

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem

starfa innan leikskólans og sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Hlutverk leikskólastjóra er jafnframt að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrir mælum yfirmanns og eða eðli málsins 52.gr barnalaga, nr. 76/2003. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90, Aðalnámskrá leikskóla 2011, Skólafélag og Mannauðsstefna Hafnarfjarðar)

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennurum ber að gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla byggja gæði menntunar og árangur skólakerfisins á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. „Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda Aðalnámsskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámsskrá bls. 11-12, 31)

3. Hlutverk leikskóla

Hlutverk leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði

og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluáferðir og samskiptahætti. Námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólaskólustarf og nám er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við allt starf leikskólans (Aðalnámskrá bls. 22).

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni eiga leikskólabörnum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í öllu leikskólastarfi, þarf að styrkja börn til að temja sér námshæfni þar sem hún er undirstöðuþáttur í öllu leikskólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námsþæfni felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námsþæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt og því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvandi (Aðalnámskrá bls. 23-24).

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum þeirra. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Umhyggja fyrir sjálfum sér og öðrum og umhverfi sínu er einnig hluti lýðræðismentunar og á heima í öllum námsgreinum (Aðalnámskrá bls 19).

3. 1 Stefna leikskólans

Til að ná settum markmiðum aðalnámskrár horfir leikskólinn til Framfarastefnu heimspekingsins John Dewey. Dewey leggur m.a. áherslu á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Þetta er gert með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir í þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur.

Dewey... "Hlutverk kennarans er ekki að svara spurningum heldur að aðstoða við fæðingu nýrra spurninga."

Lögð er áhersla á frjálsan leik enda er hann talinn vera frumafli í þroska barnsins, í dagskipulagi leikskólans er frjálsa leiknum gefið gott svigrúm.

Hlutverk leikskólakennarans er meðal annars að skapa umgjörð um leikinn svo börnin verði virk og skapandi og geti unnið úr reynslu sinni. Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á fjölbreytileika og hlutverk leikskólans eigi að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Til að svo geti orðið höfum við nýtt okkur opinn efnivið sem gefur hverju barni möguleika á að virkja sköpunargleði og frjótt ímyndunarafl sitt út frá eigin forsendum.

3.1.1. Kubbastarf

Sérkenni leikskólans eru svokallaðir einingarkubbar (unit blocks) og holir stærri trékubbar (hollow block). Þetta eru gegnheilir trékubbar sem hannaðir voru af bandaríska uppeldisfrömuðinum Caroline Pratt árið 1914. Lögum þeirra og hönnun er þannig úr garði gerð að þeir ganga stærðfræðilega hver upp í annan. Þessi efniviður gefur börnunum gott tækifæri til stærðfræði- og rök hugsunar þar sem þau þurfa að glíma við þrautir og leita úrlausna. Að auki reynir á sköpunargáfu og ímyndunarafl barnsins í leik með kubbana. Þessir kubbar verða að borgum, skrifstofu, þyrilu, heimili, verum og öllu því sem börnunum dettur í hug að skapa í hvert sinn óháð kynhlutverkum og menningu.





Fín- og grófhreyfingar styrkjast þegar börnin byggja og einnig félags- og málþroski þar sem þau byggja ýmist ein, samhliða eða saman. Þá þarf að ræða málin, koma sér saman um hugmyndir, hlutverk og verkefni, fá lánað og lána öðrum sem og taka tillit til bygginga annarra.

Heimspækileg hugsun birtist víða í kubbaleiknum þar sem börnin læra að hugsa sjálfstætt og forvitni þeirra er gerð jákvæð með opnum spurningum s.s. “**hvað er?**”, “**hvernig?**” og “**af hverju?**”. Þau læra einnig að taka ekki allt sem gefið og æfast í að færa rök fyrir skoðunum sínum. Með þessu læra börnin meðal annars að bestu vinir geta haft ólíkar skoðanir.



Langtímamarkmið Álfasteins með tilkomu kubbstarfs.

Börnin nýti sér efnivið leikskólans sér til gagns og gamans með uppgötvunum í gegnum leikinn. Börnin sjái þá stærðfræðilegu möguleika sem leynast í kubbunum og þrói og þroski

leikinn sér og öðrum til ánægju. Í þessu starfi barnanna er hlutverk hins fullorðna að vera til halds og trausts í starfi og leik og hvetja börnin áfram í sjálfstæðri og skapandi hugsun..

*Pratt ... "börn læra fljótar og árangursríkar að vinna saman ef hinn fullorðni hefur lítil sem engin afskipti af þeim."
Eða eins og Dewey sagði:
"Viska byggir hins vegar á reynslu og virkri hugsun
og stuðlar að því að maður geti lifað lífinu."*

3.1.2. SMT skólafærni

Hafnarfjarðabær leggur upp með að leikskólar bæjarins vinni eftir agastefnu SMT. Starfsmenn Álfasteins ákváðu í upphafi að leiðarljós í vinnu með SMT yrði ábyrgð og virðing. Í vinnu með SMT stuðla kennarar að jákvæðum aga í leikskólastarfi og stefna að sama marki með tilkomu samræmdra vinnubragða. Kennarar sýna börnunum gott fordæmi með jákvæðu hugarfari. Leiðarljós leikskólans í SMT eru ábyrgð og virðing. Reglur leikskólans hafa yfirskriftina „ Svona gerum við“ og eru myndrænar. Reglurnar eru kenndar haust hvert og eru hengdar upp þegar hver regla er innleidd.

3.2. Leiðarljós leikskólastarfsins

Starfsmenn leikskólans Álfasteins hafa sammælt um að einkunnarorð leikskólans: „Gaman saman“ skuli byggja á gleði, vellíðan, samvinnu og hjálpssemi. Einkunnarorðin verði leiðarljósið í starfi leikskólans og fléttist inn í alla starfs- og kennsluhætti hans.

Sem dæmi:

- Vellíðan og gleði birtist í því að börnin eru róleg, sátt og yfirveguð við daglega iðju.
- Áhersla er lögð á opinn efnivið, Þar sem skapandi starf, þykjustu- og hlutverkaleikur fær notið sín. Opinn efniviður sem gefur ekki fyrirfram ákveðnar hugmyndir um það hvernig útkoman á að vera að leik loknum, hefur ekki fyrirfram ákveðnar lausnir. Þar má nefna; sandur, vatn, perlur, málningu, pappír, kubbar og hvað það sem hefur meira en eina lausn.
- Börnin taka virkan þátt í að ákveða hvað er í vali hverju sinni og valsvæðin byggja á opnum efnivið með áherslu á sköpun út frá áhugasviði barnsins.

-
- Börnin fá „verkefni dagsins“ við dagleg störf s.s. að leggja á borð, gefa ávexti, veðurfræðingur o.fl
 - Kennarinn nýtir sér námsumhverfi leikskólans.
 - Börn og foreldrar fari glöð og ánægð heim í lok dags og komi eftirvæntingarfull í leikskólann daginn eftir.

3.4 Kennsluhættir leikskólans / Leikurinn

Leikurinn er grunnurinn í kennsluháttum leikskólans. Það er samdóma álit flestra fræðimanna að börn læri best í gegnum leik. Leikurinn er í raun bæði markmið og leið í leikskólastarfi þar sem börn vinna úr reynslu sinni, sorgum og gleði. Leikur barna er sjálfsprottinn, þar sem þau setja reglurnar og skapa leikinn út frá sínum eigin upplifunum og hugarheimi. Þau leysa úr vandamálum á eigin forsendum, gleyma stund og stað og öðlast nýja þekkingu, upplifa tilfinningar og ný leikni verður til. Í leiknum fá börn útrás fyrir hugmyndaflug sitt og sköpun, frumkvæði og virkni þeirra ræður ferðinni. Þess vegna er mikilvægt að huga vel að þeim efniviði og umhverfi sem börn leika sér í og virða áhuga þeirra hverju sinni.

***Í Framfararstefnunni segir:
“Leikurinn er leið að menntun og þroska.
Hann verður að vera sprottinn frá náttúrulegri hvöt barnsins.
Börn eiga að vera virk og skapandi í leik sínum.”***

Í dagskipulagi Álfasteins gefst börnum góður samfelldur tími þar sem þau þróa leik sinn og dýpka bæði inni og úti. Leikföng og annar efniviður í leikskólanum er sérstaklega valinn með tilliti til skapandi starfs, þykjustu- og hlutverkaleikja.

Markmiðið er að efniviðurinn sé opinn og hæfi þroska barna, áhuga þeirra og getu.

3.5 Námsumhverfi

Leikskólinn Álfasteinn er fimm deilda leikskóli. Fjórar deildarnar eru jafn stórar að fermetrum og eins uppbyggðar. Hver deild skiptist í þrjú rými ásamt salernisaðstöðu og geymslu. Á Holti og Hamri eru há borð og stólar fyrir börnin en á yngri deildunum Bergi og Kletti eru

húsgögnin ýmist há eða lág. Í miðju hússins er Laut þar er komin fimmta deildin. Ákveðið var að fækka börnum á deildum þar sem starfsfólk taldi börnin vera og mörg í litlu rými og setja elstu börnin í Laut. Með því móti mátti fækka á hverri deild og hvert barn fá meira rými til að athafna sig á. Í miðrými leikskólans er einnig eldhús, starfsmannaaðstaða, sérkennsluherbergi og bókasafn. Í sitthvorum enda skólans eru deildir skólans, annars vegar eldri barna deildir og hins vegar deildir fyrir yngri börn. Fyrir framan þær er að finna bjart og rúmgott rými fyrir fatahólf barnanna og inn af þeim eru þurrkherbergi fyrir útiföt barnanna.

Álfasteinn stendur hátt á holti Hafnarfjarðar og þaðan sést vel til fjalls og fjöru. Reykjanesbrautin er lífleg og finnst börnunum gaman að fylgjast með allri bílaumferðinni þar. Garðurinn er í brekku og er skemmtilega uppbyggður þar sem börnin geta látið ýmindunaraflið leika lausum hala. Hellar og holtagrjót setja mikinn svip á útileiksvæðið og það er vel gróið runnum og trjám. Að framanverðu við skólann má einnig finna lítið leiksvæði sem hannað hefur verið fyrir allra yngstu börnin. Nærumhverfi leikskólans býður upp á skemmtilegar gönguferðir þar sem stutt er í sandfjöruna við Hraunavík og mikið mosavaxið hraun. Þar er að finna marga hella, sprungur og kynjamyndir sem er kjörinn vettvangur fyrir útikennslu.

Pratt... "Það sem ég leitaði eftir var eitthvað svo sveigjanlegt, svo aðhæfanlegt, að börnin gætu notað það án leiðbeiningar og stjórnunar."

3.5.1 Kubbaleikur

Í gegnum leikinn læra börnin best. Kubbaleikur er ein leið til að tjá tilfinningar og tækifæri til sköpunar. Leikurinn tekur á öllum þroskaþáttum barnsins og er honum gefið mikið vægi hér á Álfasteini.

Markmið

- Að örva alhliða þroska.
- Að efla gagnrýna og skapandi hugsun.
- Að örva sköpunargleði.

Leiðir

- Að ræða um almenn stærðfræðihugtök, form og lögun hluta í leik með kubba.

-
- Að spyrja opinna spurninga.
 - Að segja frá byggingum sínum.
 - Að búa til sögur með aðstoð kubbanna.
 - Að biðja félaganna sinn um að lána sér og bjóða félaganum að fá lánað.
 - Að skrifa nöfn bygginga (elstu börnin).
 - Að flokka og telja.
 - Að leggja inn hugtakaskilning.
 - Að gera tilraunir og uppgötva í gegnum leikinn.

Viðbótarefni/verðlaust efni

Þegar elstu börnin eru búin að þróa byggingar sínar fá þau viðbótarefni og verðlaust efni sem getur verið allt sem ekki skemmir kubbana s.s.

- efnisbúta
- málningarlímband
- pappír
- liti
- litaða teninga, glerperlur og það sem okkur dettur í huga að geti nýst.

3.5.2. Könnunarleikurinn

Í Álfasteini er unnið með könnunarleikinn. Hugmyndasmiðir hans eru Elinor Goldschmied og Sonja Jackson. Þær hafa útfært aðferð til kennslu sem kallast "Heuristic play with objects" eða könnunarleikur með hluti þar sem börnin leitast við að kanna umhverfi sitt án hjálpar frá fullorðnum. Meðfæddur áhugi þeirra og forvitni eru þannig vakin á umhverfinu og fær útrás í könnunarleiknum.

Markmið

- Er að börnin uppgötvi hlutina og möguleika þeirra með snertingu, lykt, bragði, heyrn og sjón. Í könnunarleiknum eru öll þessi skilningarvit örvuð sem og gróf- og fínhringir. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum.

Leiðir

- Könnunarleikur kemur ekki í staðinn fyrir leik heldur er ætlaður sem viðbót til að auðga leik yngstu barnanna (1-3 ára).
- Börnin fara í könnunarleik í hópastarfi

-
- Það er engin rétt leið í könnunarleik, efniviður er mismunandi eftir því hverju kennararnir safna, auk þess hafa kennarar mismunandi hugmyndir. Þessi aðferð hvetur til þess að hinn fullorðni sé skapandi og geri umhverfið að örvandi stað fyrir yngstu börnin.

3.5.3. Könnunaraðferðin

Þessi aðferð er ekki ný af nálinni heldur á uppruna sinn m.a. í róttækum hugmyndum opinna skóla sem komu fram á sjónarsviðið fyrir rúmum þrjátíu árum síðan. Litið er á að nám verði merkingarbært fyrir börn ef þau leita svara og bera ábyrgð á eigin námi. Því er mikilvægt að lagt sé upp úr virkni barnanna, sjálfstæðri hugsun og ígrundunar.

Foreldrasamstarf og þátttaka foreldra er mjög mikilvæg í námi barna og hefur áhrif á árangur barnsins í leikskólanum. Þátttaka foreldranna getur átt sér stað á margvíslegan hátt t.d. með beinni þátttöku og aðstoð í vettvangsferðum, kynningu á viðfangsefni, skapa tengsl við vinnustaði, efni sem til er á heimili og tengist viðfangsefninu eða hlusta á kynningu á verkefninu hjá börnunum svo eitthvað sé nefnt.

Markmið könnunaraðferðarinnar er að mennta börnin á þeirra forsendum og efla víðsýni þeirra og munum við hafa það að leiðarljósi við vinnu okkar á þeim verkefnum sem við tökumst á við. Ásamt því að vera meðvituð um að tengja grunnþætti leikskólans við rannsóknarverkefnið.

3.5.4. Stærðfræði/vísindi

Þar sem kubbarnir eru byggðir og hannaðir út frá stærðfræðinni eru stærðfræði og vísindi stór hluti af kubbaleik barnsins.

Markmið

- Að börnin læri að þekkja tölur, tölustafi og stærðfræðihugtök.
- Að börnin læri að telja, nota og uppgötva stærðfræðina.
- Að efla vísindalega og rökræna hugsun og stuðla að eðlislægri forvitni barnanna

Leiðir

- Leggja á borð
 - Hvað þarf marga diska?

-
- Hvað eru mörg börn mætt í dag?
 - Að vinna með stærðfræðihugtök með einingarkubbum.
 - Að leyfa börnunum að fara í tölvuleiki sem leggja áherslu á rökræna hugsun.
 - Að börnin byggi, telji og flokki einingakubba í leik.
 - Að nota víðsjá og smásjá til að skoða og kanna, t.d. skordýr.
 - Að spyrja spurninga, t.d. um líf og lífverur.
 - Að hafa fræðibækur og vísindablöð aðgengileg.

3.5.5. Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir hreyfingu. Öll hreyfing hefur áhrif á líkamlegt og andlegt atgervi barnsins. Mikilvægt er að efla hreyfiþroska barnsins á sem fjölbreyttastan hátt.

Markmið

- Að efla líkamsvitund og tjáningu.
- Að rækta alhliða hreyfigetu og hreyfiþroska barna.
- Að hafa í boði markvissa hreyfingu í leik og starfi.
- Að samhæfa hendur og huga með fínhreyfingu.
- Að samhæfa grófhreyfingar og jafnvægi.
- Að börnin læri ýmsa hópleiki.

Leiðir

- Að byggja, klippa, perla og móta í leir.
- Að dansa með börnunum og leika með hringi og bolta.
- Að fara í ýmsa hópleiki.
- Að skipuleggja hreyfingu t.d.
 - þrautabrautir
 - stöðvaþjálfun o.fl.
- Að fara í gönguferðir.

3.5.6. Málþroski-málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tækið til boðskipta. Öll samskipti við barnið örva málþroska og er því mikilvægt að flétta málörvun inn í daglegt líf leikskólans.

Markmið

- Að efla málþroska barnsins.
- Að barnið læri að nota tungumálið og tjá sig gagnvart öðrum.
- Að efla hjá börnum hlustun, orðaforða, málnotkun og málskilning og kynna tákni með tali.

Leiðir

- Að setja orð á athafnir í daglegu starfi.
- Að nota fjölbreytt lagaval.
- Að börnin búi til eigin lög og noti til þess umhverfi, athafnir og hugmyndir þeirra sjálfra.
- Að hvetja börnin til að syngja, segja frá vísum og þulum og að þau æfi rím í daglegu máli.
- Að nota tákni með tali með söngvum, sögum og athöfnum.
- Að lesa og segja sögur frá eigin brjósti.
- Að örva börn til að segja frá og orða hugsanir sínar.
- Að kenna börnunum að setja heiti á athafnir, tilfinningar og hugsanir.
- Að vinna reglulega með markvissa málörvun.

3.5.7. Myndsköpun

Einn mikilvægasti tjáningarmáti barnsins er myndsköpun. Barninu gefst tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, reynslu og upplifun á listrænan hátt. Frjáls og skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins.

Markmið

- Að efla fín- og grófhreyfingar.
- Að efla hugmyndaflug og fagurþroska.
- Að börnin læri að tjá sig í gegnum myndsköpun.
- Að börnin nýti sér einingarkubba í myndsköpun.

Leiðir

- Að auka færni barnanna í að klippa, mála, lita, líma, byggja, sauma, fingurprjóna o. fl.
- Að nota fjölbreyttan efnivið og mismunandi lögum af pappír.

-
- Að skoða umhverfið og safna efniviði úr náttúrunni.
 - Að hafa liti, pappír og annan efnivið aðgengilegan til sköpunar, t.d. kubba, fingurmálningu og krítar.
 - Að skoða myndir og fara í vettvangsferðir og ræða við börnin um það sem fyrir augu ber.
 - Að vinna úr upplifunum úr vettvangsferðum með einingarkubbum og öðrum efnivið þegar í leikskólann kemur.
 - Að hvetja börnin til að vinna verk sín sjálf.

3.5.8. Tónlist

Tónlistin göfgar manninn. Eitt elsta tjáningarform mannsins er tónlist. Tónlistin spilar á tilfinningaskala okkar og getur verið uppspretta gleði og lífsfyllingar.

Markmið

- Að börnin kunni fjölbreytta texta og hrynjanda.
- Að börnin læri að þekkja hljóðin í umhverfinu og kynnist tónlist á sem fjölbreyttastan máta.
- Að börnin öðlist þolinmæði.
- Að börnin læri að tjá sig í gegnum tónlist.
- Að börnin þekki hljóð og notkun ýmissa hljóðfæra.

Leiðir

- Að dansa frjálst.
- Að standa upp og syngja og eða spila fyrir aðra.
- Að búa til hljóð.
- Að hlusta á hljóð í umhverfinu.
- Að hlusta á ólíka tónlist.
- Að kynna mismunandi tónlistarmenningu og hljóðfæri.
- Að syngja með börnunum.
- Að kenna börnunum tákni með tali í söng.
- Að velja lög sem efla orðaforða.
- Að nota hreyfingu og hrynjandi í tónlist.

3.5.9 Náttúra og umhverfi

Náttúran er eitt af undrum veraldar. Barninu er hollt að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í návist við hana og læra að virða og njóta fegurðar hennar.

Markmið

- Að efla þekkingu á náttúrunni.
- Að vera í lifandi tengslum við náttúruna.
- Að efla virðingu og ábyrgðarkennd fyrir náttúrunni.

Leiðir

- Að safna efniviði úr vettvangsferðum og vinna úr honum.
- Að skoða umhverfið og dýralíf fjörunnar eins og
 - steina
 - skeljar
 - pöddur
 - fiska
 - þörungum
 - fugla o.fl.
- Að fara í náttúruskoðun að Ástjörn og njóta fuglalífs og gróðurs.
- Að nýta árstíðirnar í verkefnavinnu.
- Veður er árstíðarbundið og tilvalið tækifæri að kynnast ólíku veðurfari eftir árstíðum.
- Að fara með pappír og fernur í endurvinnsluna.
- Að læra að klæða sig eftir veðri.
- Að spjalla um það sem náttúran gefur okkur.
- Að skoða, snerta, finna, lykta og upplifa.

3.5.10 Menning og samfélag

Í fjölmenningslegu samfélagi er mikilvægt að kynna börnum ólík menningarbrot, hefðir og venjur samfélagsins.

Markmið

- Að börnin kynnist menningu þjóðar sinnar og annarra og þeim samfélagshefðum sem þar ríkjá.
- Að börnin temji sér umburðarlyndi, fordómaleysi og beri virðingu fyrir sér og öðrum.
- Að börnin læri og temji sér almennar reglur samfélagsins.

Leiðir

- Að kynna fyrir börnunum ólíkan mat frá ýmsum þjóðum og matarvenjur t.d. að borða með þrjónum og höndum og leyfa þeim að taka þátt í að elda mat.

-
- Að kynna fyrir þeim tónlist og dansa frá ólíkum menningarheimum.
 - Að upplýsa börn um ólíka menningarhópa með lestri bóka og frásögnum.
 - Að ræða um siðferðislegar skyldur samfélagsins og fjölskyldna.
 - Að ræða um ólíkar fjölskyldugerðir við börnin.

4 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpum** eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er að aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá bls. 14).

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, hvorki í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir og með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu.

4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfi

Mikilvægt er að barnið beri virðingu fyrir sjálfu sér og samfélaginu sem það lifir í. Með heimspekilegum umræðum gefst barninu tækifæri til að taka eigin ákvarðanir, bera ábyrgð og

jafnframt skilja að vinir geti haft ólíkar skoðanir. Í leikskólanum er unnið með hugtakið jafnrétti með ýmsum leiðum. Má þar nefna


- Að virkja samkennd vináttu og samskipti.
- Að efla virðingu fyrir reglum og umhverfi.
- Að læra að tjá sig og fylgja fyrirmælum.
- Fjölbreytt bókaval með ólíkum menningarheimum og hæfir báðum kynjum
- Oprið leikefni sem hefur ólíkar lausnir frá degi til dags og óháð kyni.
- Virðing fyrir fjölbreytileika.

4.2 Læsi

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir: „Læsi í víðum skilningi þess orðs eru mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“ Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrafa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu

Við kennslu læsis og samskipta notar leikskólinn kennsluefnið í formi bóka, kubba og annars efniviðar sem örvar og styrkir læsi í víðum skilningi. Þegar talað er um læsi er átt við að börn verði læs á umhverfi sitt sem og læs á prentað mál. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum að verða læs með ólíkum aðferðum. Má þar nefna kubbavinnu og læra börnin þannig á að vera læs á þyngd efniviðsins, læs á fjölda kubba, merkja byggingar sína og skrifa nafnið sitt á fjölbreyttan hátt. Þarna gefst börnunum tækifæri á að skrifa nafnið sitt með kubbum leið sem hentar sumum börnum betur í að skoða þrívídd meðan önnur skrifa á blað og lesa af texta. Teljum við að þannig megi koma á mótis við þarfir hvers og eins einstakling og markmiðið er að starfshættirnir tengist inn í allt leikskólastarfið.



Læsi í starfi leikskólans

Áherslur læsis felast m.a. í

- Að vera læs á umhverfi sitt og aðstæður.
- Að vera læs á samskipti.
- Lestur bóka.
- Að stafir og tákn séu sýnileg
- Að vera læs á samskipti
- Samverustundir séu skipulagðar með söngvum, þulum og lestri bóka
- Að nota leir til að móta ýmis form t.d. stafi.
- Að nota kubba til að byggja ýmislegt t.d. stafi, byggingar sem börnin merkja o.s.frv.
- Að nota skriffæri
- Val er hluti af læsi- samskipti, rými, tölur-fjöldi.

Hvernig nýtum við kubba með læsi

- Við tölum um þyngd, fjölda, form, rými og notum ýmis hugtök tengd stærðfræði.
- Lögð áhersla á góð samskipti
- Æfum fín- og grófhreyfingar
- Læsi í málumhverfi

Málþroski er grunnur að lesskilningi og lesskilningur er lykill að námi. Við eflingu málþroska er lagður grunnur að lestrarkennslu. Hann er elfdur í gegnum leik, í samverustundum, í matartíma, í fataherbergjum og í öðru daglegu starfi leikskólans. Við æfum okkur í að:

- Klappa atkvæði- samstöfu, setja saman orð
- Ríma
- Fara með þulur og aðra framsögn
- Að hlusta
- Að greina hljóð í orðum.
- Tala saman um margræð orð og tengja saman hljóð.

-
- Að auka orðaförða og æfa framburð.
 - Að æfa okkur í að skiptast á lýðræðislegan hátt.
 - Upplýsingasöfnun
 - Að æfa tjáning

Jafnframt æfum við okkur í samvinnu, stærðfræði og annað sem vekur upp fróðleiksþorsta barnanna

4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólalag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Börnin fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst auk þess sem þau fara í skipulagðar hreyfistundir.

4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Líðan barnsins endurspeglar í sjálfsmynd þess. Daglegar athafnir eiga að stuðla að almennri vellíðan barnanna og góðri heilsu. Umhyggja er stór hluti skólalagsins og mikilvægt er fyrir starfsfólk skólans að mynda góð tengsl við börnin og foreldra þeirra.

Álfasteinn leggur áherslu á:

- Hreyfingu
- Umhyggju
- Umhirðu
- Holla næringu
- Góða hvíld
- Jákvæða sjálfsmynd
- Andlega vellíðan
- Góð samskipti
- Öryggi
- Hreinlæti
- Kynheilbrigði
- Skilningur á eigin tilfinningum og annarra

4.4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbærri þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betri ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Álfasteinn styður við fróðleiksþorsta barnanna með því að fylgjast með og hlusta eftir áhuga barnanna og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja umhverfi sitt.

4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingabæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufrýrbæri, vísindi og tækni.

- Kynnast umhverfi og efnivið
- Læra af og á umhverfið
- Endurvinnsla t.d. pappír, lífrænan úrgang o. fl.
- Pappírsendurvinnsla
- Nýta opinn efnivið í skapandi starfi.

4.5 Sköpun

Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að í grundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi.



4. 5. 1 Sköpun í leikskólastarfi

Á Álfasteini er lögð áhersla á eftirfarandi þætti í sköpun:

- Eininga- og holukubbar er einn mest notaði efniviður á Álfasteini. Vinna með kubbunum gefur tilefni til allskyns sköpunar og örvar og þroskar skapandi og gagnrýna hugsun og auðgar hugmyndaríki barnsins.
- Myndsköpun er einn mikilvægasti tjáningarmáti barnsins. Þar gefst barninu tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, reynslu og upplifun á listrænan hátt. Frjáls og skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins. Lögð er áhersla að einstaklingurinn fái tækifæri til að skapa út frá eigin hugsun í stað þess að gefa út fyrirframgefnar hugmyndir. Einnig er lögð áhersla á að barnið njóti þess að skapa í stað þess að einblína á útkomuna.
- Tónlist göfgar manninn. Eitt elsta tjáningarform mannsins er tónlist, hún spilar á tilfinningaskala okkar og getur verið uppspretta gleði og lífsfyllingar. Börnin fara í samveru og söngstundir og einu sinni í viku er „Lautarferð“ þar sem allir í leikskólanum safnast saman, syngja og eiga góða stund. Börnin kynnist ólíkri tónlist og læri að þekkja hljóð í umhverfinu, kynnast ýmsum hljóðfærum og hrynjand.
- Börnin fá tækifæri til þess að tjá sig í gegnum dans og leiklist. Elstu börnin koma fram fyrir foreldra í útskriftinni. Einnig á leikskólinn lítið púlt sem er notað við ýmis tækifæri.

4.6 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki búa borgararnir við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Í fyrsta lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildum hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.

4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi


- Börnin taka þátt á lýðræðislegan hátt í að ákveða hvaða valsvæði eru í boði dag hvern og fá að skipta um svæði í vali ef þau finna ekki eitthvað sem þeim langar til að velja.
- Börnin skiptast á að hefja val
- Unnið er með könnunaraðferðina í hópastarfi og er það stór þáttur í lýðræðismenntun barnanna, þar sem barnahópurinn tekur sameiginlega ákvörðun um val á verkefnum.
- Lögð er áhersla á að börnin beri virðingu fyrir skoðun hvers annars. Það er hægt að vera vinir þó við séum með ólíkar skoðanir.
- Á matmálstímum skammta börnin sér sjálf og koma með hugmyndir að matseðli og er það þáttur í lýðræðismenntun.
- Börnin taka þátt í lagavali.



5 Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og hríslast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna.

Hér þarf að geta hvernig hver grunnþáttur fléttast inn í allt starf leikskólans. T.d. hvernig er unnið með læsi í víðum skilningi, hvaða verkfæri eru notuð til þess að efla tilfinningalæsið í öllu starfi bæði úti sem inni, í skipulögðu sem og óskipulögðu starfi sem og hvaða kennslufræðilegir leikir verða notaðir til að ná fram leikreynslu (Jóhanna Einarsdóttir 2010).



„Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.

Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn samþættingar á námi og lífi barns. Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.“

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.

6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Á Álfasteini er lögð áhersla á að taka vel á móti hverju barni og foreldrum þess, þannig að barnið upplifi sig velkomið og foreldrar þess geti farið ánægðir til sinna starfa. Í leikskóla er mikilvægt að gott samstarf sé milli heimilis og skóla og þar ríki gagnkvæmt traust. Dagleg samskipti eru mikilvæg þar sem fram koma upplýsingar um líðan barna og hegðun heima og í leikskólanum, breytingar á högum barnsins og fjölskyldulífi. Þarfir foreldra og barna þeirra eru fyrst og fremst góð menntun, umönnun og samskipti við starfsfólk leikskólans. Mikilvægt er fyrir foreldra að fá faglega ráðgjöf, stuðning og þá sérfræðiaðstoð sem barn þeirra hefur þörf fyrir, auk þess sem gera á ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og grenndarsamfélagið.

- Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann en þeim er boðið sérstaklega á fastar uppákomur s.s. opið hús; aðventukaffi og dag leikskólans, sýningar í tengslum við könnunarverkefni, sumarhátíð og ýmsar aðrar uppákomur.
- Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári, á haustönn og vorönn. Önnur viðtöl eru haldin eftir þörfum og geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali við leikskólakennara eða leikskólalastjóra.
- Foreldrafélag er starfandi við Álfastein og tók það til starfa 2001. Félagið sér um ýmsar uppákomur fyrir börnin s.s. leikrit, sveitaferð, jólaball o.fl. Foreldrum er gefinn kostur á að vera með í félaginu við upphaf leikskólagöngu barnsins.
- Kynnig á vetrarstarfinu fer fram með þeim hætti að foreldrum er boðið að koma á sýningar í lok hvers könnunarverkefnis á eldri deildum. Á yngri deildum er kynningarfundur í upphafi skólaárs og vetrarstarf kynnt á opnu húsi.
- Foreldrar fá ýmsar upplýsingar og fréttir sem varða leikskólann í gegnum heimasíðu og tölvupóst. <http://www.leikskolinn.is/alfasteinn>
- Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 er starfrækt foreldraráð við Álfastein. Hlutverk þess er m.a. að gefa umsagnir til leikskólans varðandi starfsáætlun, skólanámsskrá sem og aðrar stærri breytingar sem varða skólastarfið. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólalastjóra eða aðstoðarleikskólalastjóra.

7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Markmiðið er að stuðla að sem bestu samstarfi við grunnskólann með hag barnanna að leiðarljósi. Stefnt er að því að skapa samfellu í námi og upplýsingamiðlun á skilum skólastiga.

Gagnkvæmt samstarf og heimsóknir eru á milli skólastiganna tveggja í hverfinu. Elstu börnin í leikskólanum fá að kynnast því sem fram fer í fyrstu bekkjum grunnskólans og grunnskólabörn koma í heimsókn í leikskólann. Álfasteinn hefur fengið lánaða aðstöðu í Hvaleyrarskóla til þess að halda jólaball ásamt því að fyrsti bekkur og elstu börn Álfasteins og annarra leikskóla í hverfinu hittast í desember og syngja saman jólalög.

8. Sérfræðipjónusta

Leikskólinn er fyrir öll börn og ber að taka tillit til þarfa einstaklingsins óháð andlegu og líkamlegu atgerði. Hvert barn er einstakt og ber að virða mannaúð þess. Þau læra á mismunandi hátt og hafa ólíka reynslu, þroska og getu. Sérkennsla skal fléttuð inn í daglegt starf leikskólans sé þess nokkur kostur. Náíð foreldrasamstarf er mikilvægt, sérstaklega þegar um sérkennslu er að ræða. Einstaklingsnám miðast við þarfir barns með sérkennslu og ber að halda og vinna samkvæmt henni að settum markmiðum. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á að einstaklingsnámsskrám sé framfylgt og að gert sé raunhæft endurmat ásamt leikskólastjóra. Mennta og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar sér um stuðning við leikskólann þegar grunur leikur á frávikum og veitir faglega ráðgjöf.

9. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólastarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt

lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá bls. 26 -27, 54)

Samkvæmt lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla er mat á leikskólastarfi í höndum leikskólakennara. Til að svo geti orðið eru ýmis mælitæki notuð sem meta þroska barna, aðbúnað og faglegt starf.

Ýmsir þroskalistar eru nýttir ef upp koma spurningar og vangaveltur um frávík barns.

Á Álfasteini eru reglulegir fundir með fagfólki þar sem meðal annars er farið yfir stöðu barna. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi barn er reynt að leita lausna á þessum fundum.

Starfsmannafundir og skipulagsdagar eru nýttir til að fara yfir starfseminna sem eina heild og starfið metið.

Deildafundir eru tvisvar í mánuði. Á þeim fundum er metin staða barnanna og skipulag deildarinnar.

Þrír elstu árgangar leikskólans hafa tekið þátt í mati leikskólans. Börnin eru beðin um að setja myndir af valtilboðum í körfur sem merktar eru með bros ☺ og fýluköllum ☹. Þetta er skráð og nýtt til að skoða áhugaverð valsvæði og hvað þurfi að taka til endurskoðunar.

9. 1 Ytra mat á leikskólastarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólastarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfskannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna

markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengjast meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá bls. 28 og 55).

9.2 Innra mat á leikskólastarfi

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangsefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið byggist á kerfisbundnum aðferðum. Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurtöður innra mats og áætlanir um umbætur.

9.2.1 Mat starfsfólks

Helstu matstækin sem leikskólinn notar til að rýna í uppeldis- og kennsluáðferðir eru Ecers kvarðinn. Annað hvert ár er kvarðinn lagður fyrir starfsfólk. Ár hvert er dagskipulag leikskólans yfirfarið og metið. Slíkt mat fer fram á deildarfundum, starfsmannafundum sem og skipulagsdögum.

9.2.2 Mat foreldra

Foreldraráð er við leikskólann. Í foreldraráði skulu vera að lágmarki þrír foreldrar og einn frá leikskólanum. Foreldraráð er fulltrúi foreldra í leikskólanum varðandi mat á starfi leikskólans og fer meðal annars yfir starfsáætlanir, skóladagatal og les yfir skólanámskrá. Jafnframt eru foreldraviðtöl nýtt til að heyra raddir foreldra á hvernig þeim líki leikskólastarfið og hvort einhverjar athugasemdir komi fram af þeirra hálfu sem vert er að skoða nánar.

9.2.3. Mat barna

Börn taka þátt í mati á leikskólastarfi. Matið felst í að börnin eru spurð um valmyndir sem eru í boði frá degi til dags í vali. Börnin eru beðin um að setja í körfu með broskalli eða fýlukalli

hvort þeim finnist viðkomandi valsvæði skemmtilegt eða leiðinlegt. Matið er skráð og tekið saman hvort einhver svæði komi illa út og þá þarf að skoða það frekar. Einnig hafa börnin um það að segja í vali hvaða svæði eru í boði þann daginn. Þetta er gert með því að spyrja þau hvaða myndir af valsvæðum eigi að vera í boði.

Könnunaraðferðin er á eldri deildum leikskólans. Í könnunaraðferðinni velja börnin á lýðræðislegan hátt hvaða rannsóknarverkefni þau rannsaka. Með þeim hætti meta þau hvað þau vilja rannsaka hverju sinni.

Umboðsmaður barna mælist til að sá sem kemur með eða sækir barn í leikskólann sé ekki undir 12 ára aldri.

10. Heimildaskrá

- Dagmar Lilja Marteinsdóttir. (2010). *Gildi leiks fyrir yngstu börnin í leikskólanum*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/7658>
- Dewey, J. (2000a). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega útgefið 1910).
- Dewey, J. (2000b). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega útgefið 1938).
- Hafnarfjarðarbær. Sótt 20. Júní 2014 af <http://www.hafnarfjordur.is/media/skyrslur-og-utgafa/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>.
- Hafnarfjarðarbær. Sótt 20. júní 2014 af <http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/mannaudstefna.pdf>.
- Helm, J. H.; Katz, L. (2001). *Yong Investingators: The project approach in the early years*. New York: Teachers college press.
- Hirsch, E. S. (1996). *The block book*. Washington, D.C: National Association for the education og young children. (Upphafleg útgáfa 1984).
- Lög nr. 76/2003. *Barnalög*.
- Lög nr. 90/2008 *um leikskóla*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Pratt, C. (1948). *I learn from children*. New York: Harper & Row.
- Reglugerð nr. 584/2010 *um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum*.